

HÖRÐUR EINARSSON

Seljugerði 9 - 108 Reykjavík
Sími 568 4969
Netfang: hordur@rocketmail.com

Reykjavík, 11. október 2014

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
nefnasvid@althingi.is

Varðar: 53. mál á 144. löggjafarþingi, mat á umhverfisáhrifum (fölgun tilkynningarskyldra framkvæmda, EES-reglur)

Nokkrar athugasemdir undirritaðs við frumvarpið:

Í c-lið 2. gr. frumvarpsins er lagt til, að svofellt nýmæli verði tekið upp í 4. laga um mat á umhverfisáhrifum:

„Sveitarstjórn tekur ákvörðun skv. 6. gr. um hvort framkvæmd, sem háð er framkvæmdaleyfi eða byggingarleyfi samkvæmt skipulagslögum eða lögum um mannvirki og tilgreind er í flokki C í 1. viðauka við lög þessi, skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Undanskildar eru þó framkvæmdir sem háðar eru leyfi Mannvirkjastofnunar, sbr. 2. mgr.“

Að álitum undirritaðs verður það að teljast varhugavert, sérstaklega af réttaröryggisástæðum, að fela sveitarstjórnnum það hlutverk, sem hér um ræðir. Sveitarfélög hafa ekki yfir að ráða þeirri þekkingu, sem þarf til þess að gegna þessu hlutverki í umhverfismálum. Stærstu sveitarfélögin hafa auðvitað burði til þess að koma sér upp nauðsynlegri þekkingu, sex til sjö sveitarfélög. Hin hafa ekki fjárhagslega getu til þess, sem ekki er von, og breytist það ekki, þó að einhver áætlaður beinn kostnaður yrði greiddur af framkvæmdaaðilum. Þessi þekking er nú til staðar hjá Skipulagsstofnun, sem í stórum dráttum sinnir vel hlutverki sínu samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, hefur enda til þess nokkurn fjölda sérhæfðra starfsmanna. Liggur beinast við, að ákvörðun um þau efni, sem sveitarstjórnnum er ætlað samkvæmt frumvarpinu, verði hjá Skipulagsstofnun. Engin málefnaleg rök hafa verið færð fyrir því, að þessi svokölluðu C-flokks mál sæti ekki meðferð sama aðila og mál samkvæmt A og B flokkum. Það styrkir líkur á sambærilegri meðferð sambærilegra mála, að sami aðili annist úrlausn málanna, en ekki ótalmargir aðilar. Á þessum stað í umræðunni koma náttúrliga þau viðbrögð frá formælendum tillögunnar, að sveitarfélögin muni starfa eftir leiðbeiningum Skipulagsstofnunar. En leiðbeiningar eru bara leiðbeiningar, og þær geta aldrei orðið alveg nákvæmar. Alla vega verður innan þeirra eitthvert svigrúm til túlkunar og jafnvel misskilnings. Svo gefur Skipulagsstofnun nú þegar út leiðbeiningar um gerð skipulagsáætlana og umhverfismat, sem allur gangur mun vera á, hversu vel er farið eftir. Enginn skyldi hafa oftrú á virkni þess háttar leiðbeininga.

Auk þessa er rétt að vekja athygli á því, að sveitarfélög eru oft framkvæmdaraðilar í þeim málum, sem samkvæmt frumvarpinu eiga að vera háð ákvörðun þeirra. Því verður varla trúað, að það sé raunverulega ætlunin að fela sveitarfélögunum ákvörðunarvald í þessum tilvikum, en þá þarf líka að fela öðrum aðila þetta vald. Sá aðili yrði sjálfsagt Skipulagsstofnun. Hluti af C-flokks málum færi þannig til Skipulagsstofnunar. Er þá ekki nærtækara að efla Skipulagsstofnun til þess að takast á við öll málin?

Sveitarfélög og sveitarstjórnarmenn hafa líka oftsinnis með öðrum hætti en beinni aðild að framkvæmdum nána aðkomu að þeim málum, sem hér um ræðir. Það er vel þekkt úr innlendri þjóðmálaumræðu, að oft gætir nokkurrar óþreyju hjá sveitarstjórnarmönnum um framgang mála og hraða á meðferð framkvæmdamála, sem þeir eða samherjar þeirra bera fyrir brjósti. Er það varasamt viðhorf, þegar reisa þarf ákvarðanir á málefnalegum ástæðum og vandaðri, oft tafsamri, rannsókn mála.

Með vísan til framangreinds mælir undirritaður með því, að fallið verði frá því að rétta þann kaleik að sveitarstjórnarmönnum, sem lagt er til í frumvarpinu. Ákvarðanirnar verði í höndum Skipulagsstofnunar, þar sem þekking og reynsla er fyrir hendi, en þá stofnun þarf jafnframt að styrkja nokkuð.

Svo bara lítil ábending varðandi athugasemdirnar með frumvarpinu, sem að álitum undirritaðs eru almennt upplýsandi:

Á bls. 50 í frumvarpinu segir svo:

„... Í aðeins einum dómi Evrópudómstólsins er að finna vísbendingu um hvað felst í orðunum „um langan veg“. Í máli nr. C 227/01, er varðar túlkun á 7. tölul. viðauka I tilskipunarinnar sem fjallar um lagningu lína um langan veg fyrir járnbrautir, kemst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að „um langan veg“ þýði 13 km og lengri vegalengd. ...“

Þarna hefur slæðzt inn misskilningur. Í umræddum dómi var engin afstaða tekin til skilgreiningar á hugtakinu „um langan veg“, enda þurfti þess ekki. Í máli þessu, sem reis af vanrækslu spænskra yfirvalda við mat á umhverfisáhrifum, komu hins vegar við sögu brautarteinar milli tveggja bæja 13.2 km að lengd. Sú vegalengd hefði allt eins getað verið önnur án þess að það breytti nokkru um niðurstöðu málsins. Nefndin lætur náttúrulega lögfræðing sinn líta á þetta mál. Þar sem mjög er litið til athugasemda við lagafrumvörp, þegar skýra þarf lög og einstök ákvæði þeirra, geta svona smávillur komið sér illa. Þyrfti því helzt í nefndarálitum að koma á framfæri fyrirvara um þetta tiltekna atriði.

Virðingarfyllt,


Hörður Einarsson